


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Sniðteikning HÖTE3ST06	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Kennari	Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is	Sk.st.	SÓL
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn að hanna og sauma fóðraða utanyfirflík. Hann kynnist sníðagerð og saumi á ýmsum saumtækniatriðum t.d. krögum og ýmsum gerðum af vösum. Nemandinn þjálfast í útreikningi á efnismagni og skipulagi við að leggja snið á efni. Lögð er áhersla á teikningu grunnsniða og þau notuð til að vinna flóknari sniðútfærslur í einum fjórða mælikvarða til yfirfærslu í raunstærðir. Lögð er áhersla á skipulagt vinnuferli og þjálfun í mátun sniða með saumi á prufuflíkum og leiðréttingu sniða eftir mátun. Mikilvægt er að nemandinn öðlist færni í að vinna og þróa eigin hugmyndir í fatagerð. Mikilvægt er að nemandinn þroski með sér tilfinningu fyrir formi og litum.

Forkröfur HÖTE2FA06, HÖTE2HU05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig fóðra á flík
- nokkrum algengum saumtækniatriðum s.s kraga og vasa
- hvaða hráefni henta í utanyfirflíkur
- notkun flísilíns í flíkum
- uppbyggingu grunnsniðs af jakka með tilheyrandi viðbótarvidd
- hvernig reikna skal út efnismagn samkvæmt sniðum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skissa hugmyndir, teikna tískuteikningar og flatar vinnuteikningar
- útfæra snið eftir eigin teikningum í smærri mælikvarða og yfirfæra í raunstærð
- framkvæma sniðútfærslur á grunnsniði fyrir jakka
- teikna snið af fóðraðri flík
- sníða og sauma fóður inn í flík
- nota flísilín á réttan hátt
- reikna út efnismagn fyrir flík


Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga í tengslum við hugmyndavinnu og vinnuskýrslu
- gera snið af fóðraðri utanyfirflík
- gera saumtækniprufur af vösum og krögum
- vinna snið í efni og sauma fóðraða utanyfirflík á skipulagðan og vandaðan hátt

Námsmat:

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Sniðteikning HÖTE3ST06	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Námsgögn:

Bók: Snið og sniðteikningar, kvenfatnaður. 1999 IÐNÚ, bókaútgafa Reykjavík
(fæst á skrifstofu VMA) Höf. Öberg og Ersman, þýð. Ásdís Jóelsdóttir
Tímarit: Tískublöð og handbækur í eigu skólans í stofu G11
Nemendur þurfa að eiga möppu og plastvasa í A4

Áætlun um yfirferð:

Vika	
2-3	Inngangur að sniðteikningu. Uppsetning bókar, upplýsingar og ráðleggingar. Heppilegur útbúnaður. Skammtafanir og merkjaútskýringar Teiknaðar útfærslur í ¼, Skyrtugrunnur, buxur, bolur, sportlegur jakki.
4-5	Grunnsnið teiknuð í ¼ stakur jakki, útfærslur af kragahornum og útbrotum á einhnepptum og tvíhnepptum jakka
6	Tískublöð skoðuð, nemendur skrá hugmyndir í formi skissuvinnu a.m.k. fimm hugmyndir (jakkar/kápur). Ein valin til að vinna með og útfæra í snið.
7-8	Byrjað að vinna sniðútfærslu, eigin hugmynd í ¼ stærð grunnsniða og yfirfært í fulla stærð.
9-10	Sniðið í prufuefni saumað og mátað á gínu, breytingar skráðar ef einhverjar.
11-13	Sniðið í efni sem nemendur útvega. Flík fullkláruð. Kynning í lokin
14-17	Flík/frjálst val. Nemendur hanna flík og sauma.(þarf ekki að vera fóðruð flík). Vika 15 er páskafrí
18-19	Frágangur. Nemendur undirbúa opið hús 4. maí kl: 20-21:30

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Vinnubók	Vinnubók með sniðteikningum teiknaðar í 1/4	20%	
Utanyfirflík	Fóðruð utanyfirflík, hugmyndavinna, útfærsla á sniði	15%	
Utanyfirflík	Prufusaumur, fullkláruð flík og greinargerð	25%	
Flík II	Flík II útfærsla á sniði, hugmyndavinna	15%	
Flík II	Prufusaumur, fullkláruð flík og greinargerð	25%	
		Samtals:	100%

Dagsetning: 05.01.17

05.01.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj. öða staðgengils